

16. gr.

Menntamálaráðherra skipar skólum trúnaðarmenn til eftirlits og aðstoðar við framkvæmd samræmdra lokaprófa í 10. bekk. Trúnaðarmenn þessir eru fulltrúar menntamálaráðuneytisins á prófstað og skulu hafa eftirlit með því að próf fari fram samkvæmt þeim reglum sem settar eru um framkvæmd þeirra.

Menntamálaráðherra setur trúnaðarmönnum erindisbréf og greiðist kostnaður af störfum þeirra úr ríkissjóði.

17. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt 46. gr. laga nr. 66/1995 um grunnskóla og öðlast gildi 1. janúar 1997. Jafnframt fellur úr gildi reglugerð nr 65/1985 um námsmat í grunnskólum.

Menntamálaráðuneytinu, 20. september 1996.

Björn Bjarnason.

Guðríður Sigurðardóttir.

STARFSREGLUR

fyrir kærunefnd útboðsmála.

I. KAFLI

Almennt.

1. gr.

Fjármálaráðherra skipar kærunefnd útboðsmála. Nefndin skal skipuð þrem mönnum og jafnmörgum til vara. Skulu þeir hafa góða þekkingu á útboðum almennt, opinberum innkaupum og viðskiptum. Þeir skulu vera óháðir hagsmunum ríkisins og seljenda en um hæfi nefndarmanna til meðferðar einstakra mála fer að öðru leyti eftir reglum stjórnsýslulaga nr. 37/1993. Fjármálaráðherra setur nefndinni erindisbréf.

II. KAFLI

Hlutverk og starfssvið.

2. gr.

Hlutverk kærunefndar útboðsmála er að taka til meðferðar formlegar kærur, sem beint er til fjármálaráðuneytis vegna innkaupa ríkisins á vörum, þjónustu og framkvæmdum. Jafnframt er nefndinni ætlað að fjalla um kærur, er varða brot á reglum Evrópska efnahags-svæðisins, sbr. VI. kafla laga nr. 63/1970, um skipan opinberra framkvæmda og 14. gr. laga nr. 52/1987, um opinber innkaup.

Nefndin gerir formlegar tillögur til fjármálaráðuneytis um afgreiðslu þeirra mála, sem hún fær til meðferðar. Ráðuneytið tekur síðan endanlega ákvörðun í hverju máli um sig.

Nefndin getur tjáð sig um meinta bótaskyldu kaupanda og grundvöll skaðabóta, sbr. 27. gr. laga nr. 63/1970, um skipan opinberra framkvæmda, 14. gr. laga nr. 52/1987, um opinber innkaup og 20. gr. laga nr. 65/1993, um framkvæmd útboða, sé þess krafist, en hún fjallar ekki um fjárhæð skaðabóta.

III. KAFLI

Vistun og aðstaða.

3. gr.

Fjármálaráðuneytið sér nefndinni fyrir fundaaðstöðu og annarri skrifstofuaðstöðu. Ráðuneytið tekur jafnframt við kærnum þeim, sem nefndinni eiga að berast, og afhendir nefndinni þær. Ráðuneytið ber allan kostnað af starfi nefndarinnar.

Ráðuneytið lætur nefndinni í té ritara, er taki við kærnum og öðrum gögnum fyrir hennar hönd, annist vörslu gagna, ritun fundargerða og bréfa og veiti aðstoð við ritun álitargerða.

IV. KAFLI

Málsmeðferð.

4. gr.

Almennt.

Auk þess, sem segir í eftirfarandi ákvæðum þessa kafla, skal nefndin fara að stjórnýslu-
lögum nr. 37/1993.

5. gr.

Kæruaðild.

Kæruaðild eiga verktakar, verkþjóðendur og þjóðendur og seljendur vöru eða þjónustu, sem nefndin fjallar um, telji þeir ástæðu til þess að kvarta formlega um starfshætti kaupenda, sbr. 1. mgr. 2. gr.

Heimilt er kæranda að framselja kæruheimild sína til félagasamtaka, er gæta vilja hagsmuna hans.

Kærði skal vera stjórnvald eða annar verkkaupi, sem mál varðar hverju sinni.

6. gr.

Form kæru.

Kæra skal vera skrifleg og þar greint frá nafni, heimilisfangi, kennitölu, símanúmeri og bréfsímanúmeri kæranda. Þá skal sá, er kæra beinist að, tilgreindur með fullnægjandi hætti. Kæra skal undirrituð af þeim, sem ber hana fram, eða umboðsmanni hans. Unnt er að krefjast vottorðs til sönnunar á umboði.

Kæru skulu fylgja öll nauðsynleg gögn, er kærandi vill byggja rökstuðning sinn á.

Kæra, ásamt fylgigögnum, skal vera í sex eintökum. Nefndin getur leyft frávik frá þessu skilyrði, hvað varðar fylgigögn með kæru, séu fylgigögn óvenju umfangsmikil.

7. gr.

Efni kæru.

Kæra skal bera með sér skýra kröfugerð ásamt stuttri en greinargóðri lýsingu málavaxta. Kröfur skulu studdar rökum, með vísun til þeirra ákvæða í lögum og reglum, sem kærandi telur að brotin hafi verið. Málavaxtalýsingu og rökstuðningi skal fylgja einföld en skýr vísun til meðfylgjandi fylgiskjala.

Kröfugerð skal lúta að þeim úrræðum, sem nefndin getur mælt með við fjármálaráðuneytið, sbr. 13. gr.

8. gr.

Viðtaka kæru og skil álit.

Kæru skal beint til fjármálaráðuneytis. Eftir að kæra hefur borist ráðuneytinu skal nefndinni þegar í stað send hún til meðferðar.

Nefndin skal skila niðurstöðu sinni til fjármálaráðuneytis svo fljótt sem við verður komið. Líði meira en einn mánuður frá því að kæra barst nefndinni án þess að hún hafi verið afgreidd, skal nefndin gera ráðuneytinu og kæranda grein fyrir töfinni.

9. gr.

Kærumeðferð.

Eftir að nefndin hefur tekið við kæru, sendir hún þeim, sem kæra beinist gegn, eintak kæru ásamt fylgiskjöllum og gefur honum jafnframt formlega kost á því að tjá sig um efni kærunnar innan tilskilins frests. Síðan skal kæranda gefinn kostur á því að kynna sér svar kærða og taka afstöðu til þess innan tilskilins frests.

Málflutningur skal vera skriflegur en gefa má aðilum eða fulltrúum þeirra kost á því að mæta til sameiginlegs fundar, þar sem farið sé yfir framlögð gögn og afstaða tekin til þess, hvort frekari gagna sé þörf.

Nefndin leitar frekari gagna og upplýsinga hjá málsaðilum hverju sinni, ef ástæða er til, en verði aðili ekki við tilmælum um þess háttar afhendingu gagna eða upplýsinga, sem ætla má að hann geti hæglega látið í té, má meta tömlæti hans í því efni honum í óhag við úrlausn máls. Hið sama gildir um áhrif þess ef aðili lætur ekki í té umbeðna umsögn innan tilskilins frests.

10. gr.

Form álitsgerðar.

Álitsgerðir nefndarinnar til fjármálaráðuneytis skulu hafa að geyma greinargóðar upplýsingar um málsaðila, kröfugerð og stutturða lýsingu málavaxta og krafna beggja málsaðila. Niðurstaða nefndarinnar skal vera rökstudd.

Minnihlutaálit skal fylgja nefndaráliti, sé því að skipta.

11. gr.

Nefndarfundir.

Á nefndarfundi, þar sem tekin er lokaákvörðun um afgreiðslu máls, skulu allir nefndarmenn taka þátt í afgreiðslunni og ræður afl atkvæða. Að öðrum kosti er fullnægjandi að tveir nefndarmenn sitji fund.

12. gr.

Afgreiðsla kærumála.

Allar kærur skuli teknar til efnislegrar úrlausnar nema nefndin leggi til við fjármálaráðuneyti að kæru skuli vísað frá vegna aðildarskorts, meiri háttar formgalla, ónógra kærugagna, en endurnýja má kæru, sem vísað hefur verið frá, eftir að bætt hefur verið úr ágöllum.

13. gr.

Úrræði nefndarinnar.

Nefndin getur lagt til við fjármálaráðuneyti, í álitsgerð sinni, að:

1. Útboð og gerð samnings á grundvelli þess verði stöðvuð.
2. Breytt verði ákvörðun kaupanda, m.a. með því að auglýsa útboð á nýjan leik, eða breytt verði útboðsauglýsingum, útboðsgögnum eða útboðsskilmálum.
3. Útboðsfrestur verði framlengdur.

Ákvörðun kaupanda í sambandi við framkvæmd útboðs eða gerð samnings á grundvelli þess verður ekki breytt eftir að tilboð frá bjóðanda hefur verið samþykkt.

Þrátt fyrir ákvæði 2. mgr. getur nefndin lýst því í álitsgerð sinni, að tiltekin ákvæði í lögum, reglum eða staðli, sem útboð vísar til, hafi verið brotin og, eftir atvikum, lagt til að ráðuneytið átelji kærða fyrir það hátterni. Hið sama á við, telji nefndin að kærði hafi farið að í andstöðu við góða siði í útboðsmálum.

Nefndin getur tjáð sig um meinta bótaskyldu kærða en eigi um fjárhæð bóta, sbr. 3. mgr. 2. gr.

14. gr.

Úrslit kærðu.

Fjármálaráðuneyti leggur endanlegan úrskurð á kærur að fengnu álitu nefndarinnar.

Úrskurður ráðuneytis skal kynntur málsaðilum, svo og kærunefnd útboðsmála, svo fljótt sem við verður komið.

V. KAFLI

Gildistaka.

15. gr.

Reglur þessar eru settar skv. heimild í lögum nr. 63/1970 um skipan opinberra framkvæmda með síðari breytingum og í lögum nr. 52/1987 um opinber innkaup með síðari breytingum, sbr. og 54. gr. reglugerðar um innkaup ríkisins nr. 302/1996. Reglurnar öðlast þegar gildi.

Fjármálaráðuneytinu, 17. september 1996.

F. h. r.

Magnús Pétursson.

Áslaug Guðjónsdóttir.

Nr. 518

REIKNINGUR

Samhugar í verki fyrir árið 1995.

Yfirlit um söfnun og ráðstöfun.

Til ráðstöfunar:

	kr.
Almenn framlög	265.404.044
Framlag til sérverkefnis frá Færeyjum	25.051.859
Vaxtatekjur	<u>719.975</u>
	<u>291.175.878</u>

Ráðstöfun:

Framlög og bætur til einstaklinga	206.360.915
Samfélagslegur stuðningur	39.130.666
Kostnaður við ráðstöfun söfnunarfjár	<u>641.117</u>
	<u>246.132.698</u>

Óráðstafað 45.043.180